

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, þrotabú Skrifstofutækni h.f., greiði stefndu Bergi Björnssyni og Guðmundi R. Óskarssyni in solidum kr. 30.000.00 í málskostnað. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 22. október 1984.

Nr. 126/1982. **Bjarni J. Guðmundsson**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

úthlutunarmönnum atvinnuleyfa

leigubifreiðastjóra í Reykjavík

og samgönguráðherra

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Leigubifreiðar. Atvinnuleyfi. Vanhæfi stjórnvalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s.m. Hann gerir þær dómkröfur, „að ógilt verði með dómi afturköllun úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi er sviptur atvinnuleyfi, sem hann hefur haft samkv. lögum nr. 25/1955 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa í Reykjavík, sem og staðfesting samgönguráðuneytisins, dags. 9. sept. 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist að úthlutunarmönnum og/eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðilum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavík í óbreyttri mynd, þ.e. með öllum þeim réttindum og skyldum er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi.“

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir báðum dómum.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst áfrýjandi ógildingar á afturköllun leyfis, sem honum var veitt 25. maí 1956 til að hafa leigubifreið til mannflutninga í afgreiðslu á bifreiðastöð í Reykjavík. Þegar afturköllunin var tilkynnt áfrýjanda með bréfi 17. maí 1974, giltu um leigubifreiðar lög nr. 36/1970, sem enn eru í gildi. Áfrýjandi telur, að ákvæði 8. gr. laganna, sem eru í samræmi við eldri lög nr. 25/1955, 1. gr., 40/1957, 1. gr., og 1/1966, 1. gr., leiði til þess, að taka beri kröfu hans til greina. Í ákvæði þessu segir, að óheimilt sé að skerða atvinnuréttindi manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaaustur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, „þá er takmörkunin hefst.“ Er í sjálfu sér ekki um það deilt, að áfrýjandi hafi verið í hópi þeirra manna. Á þessa röksemd hans verður ekki fallist, enda verður ekki litið svo á, að 1. gr. laga nr. 25/1955, sbr. nú 8. gr. laga nr. 36/1970, eða aðrar réttarreglur girði fyrir það, að áfrýjandi þurfi að hlíta ákvæðum nefndra laga eða reglugerða, settra samkvæmt þeim, um, að það varði hann sem atvinnuleyfishafa sviptingu leyfis síns, ef hann ekki nýtir það. Í reglugerð nr. 214/1972 um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa, sem í gildi var, þegar atvinnuleyfi áfrýjanda var afturkallað 1974, er í 8. gr., 3. mgr. að finna þetta ákvæði: „Úthlutunarmönnum er heimilt að taka atvinnuleyfi leyfishafa hjá viðkomandi bifreiðastöð, hafi hann ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði eða lengur og ekki sótt um frest. Skulu þá úthlutunarmenn tilkynna leyfishafa innköllun leyfisins með ábyrgðarbréfi. Hafi leyfishafi ekki óskað eftir framlengingu leyfisins og fært fram ástæður, sem úthlutarmenn geta tekið til greina, innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins.“ Þetta ákvæði gildi um leyfi áfrýjanda.

Þarf þá úr því að skera, hvort unnt sé að byggja á því í málinu, að áfrýjandi hafi ekki notfært sér atvinnuleyfið í 6 mánuði, áður en hann var boðaður til fundar við úthlutunarmenn 20. mars 1974. Úthlutunarmenn öfluðu ekki sjálfstætt ótvíræðra gagna um það, hvort áfrýjandi hefði notað leyfi sitt á þeim tíma, sem máli skipti. Áfrýjandi lét einnig undir höfuð leggjast að afla slíkra gagna. Þegar

haft er í huga, að um var að ræða upplýsingar um nýtingu hans á leyfinu, að hann átti greiðari aðgang að fullnægjandi gögnum en úthlutunarmenn og að þeir skoruðu á hann að útvega slík gögn, verður að leggja til grundvallar, að hann hafi ekki nýtt leyfið eins og áskilið var. Af því leiðir, að telja verður leyfissviptinguna 15. maí 1974 hafa verið heimila eftir reglugerð nr. 214/1972, 8. gr., 3. mgr.

Aðferð sú, sem höfð var við innköllun atvinnuleyfis áfrýjanda, var að vísu ekki í fullu samræmi við nýnefnt reglugerðarákvæði, en hún var áfrýjanda hagstæðari en sú aðferð, sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Verður leyfissviptingin því ekki felld úr gildi af þessari ástæðu.

Starfsmaður sá í samgönguráðuneytinu, sem úrskurðaði um kæru áfrýjanda til ráðuneytisins vegna atvinnuleyfissviptingarinnar, var einn af þeim þremur úthlutunarmönnum atvinnuleyfa, sem ákvörðun tóku um sviptinguna. Var hann af þeirri ástæðu vanhæfur til að úrskurða um réttmæti leyfissviptingarinnar. En þar sem áfrýjandi hefur krafist þess, að leyfissviptingin verði dæmd ógild vegna þess, að lagaskilyrði til hennar hafi brostið, og þar sem áfrýjanda var aðeins heimilt, en ekki skylt, að bera lögmæti leyfissviptingarinnar undir ráðuneytið, áður en hann lagði mál sitt fyrir dómstóla, hefur það enga þýðingu í máli þessu að dæma sérstaklega um staðfestingu ráðuneytisins á leyfissviptingunni.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta héraðsdóminn í máli þessu.

Rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. október sl., hefur Bjarni J. Guðmundsson, Kleppsvegi 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn úthlutunarmönnum atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík svo og samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, Arnarhvoli Reykjavík.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að ógilt verði með dómi afturköllun

úthlutunarmanna atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík, dags. 17. maí 1974, þar sem stefnandi sé sviptur atvinnuleyfi, sem hann hafi haft samkvæmt lögum nr. 25/1955 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða og ráðstöfun atvinnuleyfa í Reykjavík, sem og staðfestingu samgönguráðuneytisins, dags. 9. september 1976, á umræddri afturköllun.

Jafnframt er þess krafist, að úthlutunarmönnum og/eða samgönguráðuneytinu verði gert að gefa út og afhenda viðkomandi aðiljum nauðsynleg skjöl og skilríki til staðfestingar á atvinnuleyfi stefnanda til aksturs leigubifreiða í Reykjavík í óbreyttri mynd, þ.e. með öllum þeim réttindum og skyldum, er í atvinnuleyfinu fólust, er stefnandi öðlaðist það í upphafi.

Loks er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að skv. afsali, dags. 24. janúar 1950, hafi hann keypt bifreiðina R 3675 ásamt afgreiðsluáðstöðu á bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg af Guðmundi Tr. Guðmundssyni. Kveðst stefnandi hafa starfað við akstur leigubifreiðar til mannflutninga í Reykjavík hinn 31. desember 1955, en við þá dagsetningu hafi takmörkun fjölda leigubifreiða í Reykjavík verið miðuð skv. lögum nr. 25/1955, sbr. auglýsingu um umsókn atvinnuleyfa, dags. 7. apríl 1956. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið atvinnuleyfi, svo sem lög hafi staðið til, og haldið því síðan óslitið, uns honum með bréfi úthlutunarmanna, dags. 17. maí 1974, hafi verið tilkynnt, að atvinnuleyfið hefði verið afturkallað. Hinn 12. nóvember 1974 kveðst stefnandi hafa skrifað úthlutunarmönnum bréf, þar sem hann hafi gert ítarlega grein fyrir málstað sínum.

Í bréfi úthlutunarmanna, dags. 11. desember 1974, hafi beiðni stefnanda um endurskoðun atvinnusviptingar verið hafnað. Með bréfi, dags. 6. september 1976, kvaðst stefnandi hafa skotið niðurstöðu úthlutunarmanna til úrlausnar samgönguráðuneytisins og hafi því málskoti verið svarað með bréf, dags. þremur dögum síðar, þar sem beiðninni hafi verið synjað. Með bréfum, dags. 25. ágúst 1977, 24. nóvember 1977, 31. maí 1978 og 5. desember 1978, hafi samgönguráðherra verið skrifað með beiðni um leiðréttingu mála stefnanda, en allt án árangurs. Sé því málshöfðun þessi óhjákvæmileg.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Aðspurður kvaðst hann hafa stundað vörubílaakstur jafnhliða leigubílaakstri frá Vörubílastöðinni Þrótti og hafi hann nýtt atvinnuleyfi sitt til fólksflutninga eftir bestu getu. Hann kvaðst ekki vilja svara spurningu stefndu um það, hvort hann gæti fært sönnur

að því, að hann hefði nýtt atvinnuleyfið til fólksflutninga, t.d. með skattframtölum eða rekstursreikningum, sem sanni tekjur hans af leigubílaakstri til fólksflutninga, þar sem hann teldi, að úthlutnarmenn atvinnuleyfa hafi ekkert með skatta að gera.

Í skriflegri aðiljaskýrslu, sem stefnandi staðfesti í réttinum, kvað hann sér aldrei hafa verið birtar neinar reglur, hvorki frá úthlutunarmönnum atvinnuleyfa né félagi atvinnubifreiðastjóra, sem hann ætti að hafa brotið, þannig að réttlætt gæti atvinnusviptingu þá, er til hefði verið stofnað, né heldur um neins konar vinnutilhögun, sem væri gagnstæð því, sem ætlast sé til að fylgt sé.

Ármann Magnússon, fyrrverandi úthlutunarmaður og stefndi í máli þessu, hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að árlega séu nokkrir menn kallaðir fyrir út af misnotkun atvinnuleyfa og þar af leiðandi sé þetta ekkert gerræði við stefnanda, þar sem hann sé ekki sá eini, sem kallaður sé fyrir og leitað upplýsinga hjá, hvort um brot væri að ræða. Í tilfelli stefnanda hafi hann verið spurður sömu spurninga og aðrir og í þessu tilfelli, hvort hann nýtti leyfið. Hafi stefnandi neitað að veita nokkrar upplýsingar og sagt, að úthlutunarmönnum kæmi það ekkert við. Honum hafi verið bent á, að úthlutunarmenn væru vörslumenn atvinnuleyfa og skylt að líta eftir, að atvinnuleyfin væru nýtt á réttan hátt. Stefnanda hafi verið gefinn kostur á að leggja fram skattframtöl fyrir síðastliðin þrjú ár, sem vörðuðu tekjur hans af leigubílaakstri til fólksflutninga. Honum hafi verið bent á, að þar mundi hið rétta koma fram og þá þyrfti ekki að deila um það, hvort hann hefði nýtt atvinnuleyfið eða ekki. Stefnandi hafi neitað þessu og hafi honum þá verið skýrt frá því, að atvinnuleyfið yrði afturkallað, þar til upplýsingar lægju fyrir í málinu. Fjöldi manna sýni úthlutunarmönnum skattframtöl í þessu skyni.

Mætti kvað misnotkun stefnanda hafa verið fólgná í meintu broti hans vegna siendurtekinna kvartana um það, að hann nýtti ekki leyfið. Margir félagar hans í hans stéttarfélagi hafi kvartað út af framangreindu auk annarra, sem hafi verið að biða eftir að fá atvinnuleyfi. Mætti kvaðst ekki geta nefnt nein nöfn í þessu sambandi, þar eð úthlutunarmenn atvinnuleyfa séu bundnir þagnarskyldu. Mætti kvað heimild til handa úthlutunarmönnum atvinnuleyfa til að krefjast skattframtala vera í reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

Mætti kvaðst ekki hafa vitað, að stefnandi hefði verið nýbúinn að fá afgreiddan nýjan leigubíl, þegar atvinnuleyfið var afturkallað, enda hafi atvinnuleyfið ekki verið afturkallað fyrr en tveimur mánuðum eftir að stefnandi var kallaður fyrir og hafi honum því gefist gott tækifæri til þess að hefja störf við leigubílaakstur og koma með umbeðnar upplýsingar, sem sönnuðu, hvort hann hefði stundað leigubílaakstur.

Kristinn Gunnarsson hrl., fyrrverandi úthlutunarmaður atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra, hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu. Hann skýrði svo frá, að hann hafi verið í úthlutunarnefnd atvinnuleyfa á þeim tíma sem mál stefnanda var fyrir hjá úthlutunarmönnum. Það hafi verið meginregla samkvæmt þágildandi bifreiðalögum og reglugerð um takmörkun atvinnuleyfa til leigubílaaksturs í Reykjavík, að leyfishafar skyldu rækja þetta starf sem aðalstarf. Á þeim tíma, sem takmörkunin var sett, árið 1956, hafi verið nokkrir bílstjórar, sem stunduðu leiguakstur í hjáverkum og gerðu það eftir að takmörkun var sett á og hafi gert það sumir hverjir allt til þessa dags. Þessir menn hafi óumdeilanlega og sannanlega stundað leigubílaakstur og hafi það verið látið óátalið. Ef menn hins vegar stunduðu leigubílaaksturinn alls ekki, hvort heldur sem var aðalstarf eða aukastarf, hafi verið talið skv. reglugerðinni, að þeir ættu ekki rétt á að halda leyfunum þannig ónotuðum. Þegar mál stefnanda kom fyrir hjá úthlutunarnefndinni, hafi ástæðan verið sú, að Ármanni Magnússyni, eftirlitstmanni Framma, sem jafnframt var úthlutunarmaður, höfðu borist ítrekaðar kærur og kvartanir yfir því, að stefnandi nýtti alls ekki leyfi sitt til leigubílaaksturs. Reynt hafi verið að fá stefnanda til að gefa upplýsingar um þessa starfsemi sína, en þær tilraunir hafi alltaf verið árangurslausar og þar sem stefnandi hafi engar upplýsingar gefið, hafi verið talið, eins og raun mun hafa verið á, að hann hafi aldrei nýtt leyfi sitt sem leigubílstjóri. Í málinu sé skorað á stefnanda að upplýsa málið af sinni hendi, en það hafi ekki borið neinn árangur.

Mætti kvað sér ekki hafa verið kunnugt um það, að stefnandi hafi stundað vörubílaakstur, þegar takmörkunin var sett á. Hann kvað sér ekki kunnugt um það af eigin raun, að stefnandi hafi aldrei nýtt atvinnuleyfi sitt.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að í lok 1. gr. laga nr. 25/1955, sem hafi grundvallað takmörkun á fjölda leigubifreiða í Reykjavík, segi svo: „Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögsmættan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.“ Óumdeilanlegt sé, að ákvæði þetta hafi tekið til stefnanda og hafi honum því borið að njóta fyllstu réttinda skv. leyfisbréfi sínu, svo sem fjöldi annarra bifreiðastjóra hafi notið strax í byrjun og njóti enn. Allir þeir, sem höfðu svokallað afgreiðsluleyfi á leigubifreiðastöð í Reykjavík þann 31.12. 1955 og áttu aðild að viðkomandi stéttarfélagi, hafi notið fyllstu atvinnuréttinda jafnt eftir gildistöku laganna sem áður. Auk brýnna ákvæða laga nr. 25/1955 sé sú niðurstaða varin af ákvæðum 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekki sé unnt að skerða réttindi, sem lögin ákveði, með reglugerð. Íþyngi-

andi reglugerðarákvæði verði að víkja fyrir lögnum. Stefnandi hafi ekið leigubifreið samhliða vörubifreiðaakstri, frá því að atvinnuleyfi var gefið út vorið 1956, hann hafi greitt sín gjöld til viðkomandi stéttarfélags, þar til hann var sviptur leyfi 1974. Hann hafi keypt leigubíl í ágúst 1968 og aftur í mars 1974. Þá hafi hann fengið eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og söluskatti skv. yfirlýsingu bifreiðastjórafélagsins Framma, sem sanni jafnframt, að hann hafi stundað leigubílaakstur á þeim tíma. Jafnframt hafi hann lagt fram vottorð frá Borgarbílastöðinni um, að hann hafi verið þar til 1974 og greitt sín gjöld. Fullsannað sé, að engin efni hafi verið til að svipta stefnanda atvinnuleyfi, hvorki samkvæmt lögum né reglugerð. Allur vafi hljóti að vera stefnanda í hag, en sönnunarbyrðin hvíli á stefnda. Ósannað sé, að stefnandi hafi brotið eitthvað af þeim ákvæðum, sem hann er sakaður um.

Við munnlegan málflutning byggði stefnandi kröfur sínar enn fremur á ólögmati aðferð stjórnvalds við meðferð og afgreiðslu málsins. Rannsókn málsins sé ófullkomin, sbr. dskj. nr. 23. Stefnandi hafi aðeins fengið 3ja daga frest til að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir sér í stað mánaðar frests, sem hann hafi átt rétt á skv. reglugerð, sbr. dskj. nr. 23. Þá hafi tilkynningu um þessa ákvörðun verið ábótavant, sbr. sama dskj. Stefnandi hafi verið krafinn um skattskýrslu til að sanna mál sitt, en engin heimild sé fyrir því fyrir úthlutunarmenn. Eðlilegra hefði verið að senda fyrirspurn til stöðvarinnar, sem ekki hafi verið gert. Atvinnuleyfi stefnanda hafi ekki verið bundið því skilyrði skv. lögnum, að leigubílaakstur væri stundaður sem aðalatvinna, andstætt því, sem gildi um atvinnuleyfi, sem ekki sé varið af ákvæðum 1. gr. laga nr. 25/1955 in fine. Þá hafi sami maður fjallað um mál stefnanda á áfrýjunarstigi, fyrst sem úthlutunarmaður og síðan sem starfsmaður samgönguráðuneytisins. Málsástæðu þessa hafi ekki verið unnt að hafa uppi fyrr, þar sem hún byggist á dskj. nr. 23, sem stefnanda hafi ekki verið kunnugt um, fyrr en stefndu lögðu það fram í réttinum.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum, að stefnandi hafi þegar á árinu 1967 fengið aðvörunarbréf um, að atvinnuleyfi hans hefði verið lagt inn til Bifreiðastjórafélagsins Framma og gæfist honum 30 daga frestur til að gefa skýringar og koma máli sínu í lag, þannig að hann fengi atvinnuleyfi sitt á ný. Sé því óhætt að fullyrða, að stefnandi hafi ekki stundað leiguakstur til mannflutninga síðan 29. nóvember 1967, enda hafi hann viðurkennt það. Sé þetta sýknuástæða stefndu, því það sé meginskilyrði laga og reglna um þessa atvinnu, að hún sé stunduð sem aðalstarf. Einnig sé tómlæti stefnanda fært fram sem ástæða til sýknu. Hann hafi allar götur síðan 1967 látið atvinnuleyfi sitt liggja óhreyft án þess að gera reka að því að fá það og gefa viðhlítandi skýringar, sbr. dskj. nr. 15.

Það sé misskilningur hjá lögmanni stefnanda, að stefnandi hafi ekki

fengið þau réttindi, sem honum bar skv. 1. gr. laga nr. 25/1955. Hann hafi stundað leigubílaakstur til mannflutninga, þegar takmörkunin var sett á, og hafi hann haldið þeim réttindum, þar til hann hætti að sinna þessum störfum að fullu. Þá sé það misskilningur hjá stefndanda, að atvinnuleyfið sé óskoruð eign viðkomandi án nokkurra skilyrða. Það sé greinilega tekið fram í lögum og reglum um þessi efni, að atvinnuleyfi sé, eins og nafnið bendi til, heimild til að stunda þessa atvinnu með vissum skilyrðum. Leyfisi hafi eigi aldrei að hafa sjálft leyfið í sínum höndum, það sé ýmist geymt hjá viðkomandi bifreiðastöð, sé það nýtt, eða hjá Bifreiðastjórafélaginu Frami, sé það ekki nýtt.

Stefnandi hafi þverskallast við að gefa nauðsynlegar upplýsingar og ekki sinnt áskorun um að upplýsa málið af sinni hálfu. Dómskjal nr. 23 beri með sér, að stefnanda hafi verið bent á að framvísa skattframtölum, en ekki gert það að skyldu. Stefnanda beri að sanna, að hann hafi notað leyfið, en ekki látið það liggja ónotað. Nægilegt hefði verið, að hann hefði sýnt fram á, að hann hefði stundað leigubílaakstur að aukastarfi. Vottorð Borgarbilastöðvarinnar og vottorð um tollefirgjöf segi ekkert og séu ekki sönnunargögn. Úthlutunarmönnum sé skylt skv. lögum og reglugerð að hafa eftirlit með því, að atvinnuleyfi séu nýtt í samræmi við lög. Dómskjal nr. 39 hafi ekkert sönnunargildi.

Nýrri málsástæðu, sem lögmaður stefnanda hafði uppi við munnlegan málflutning og bókun var eftir honum, sé mótmælt sem of seint fram kominni svo og þeirri málsástæðu, að íþyngjandi reglugerðarákvæði verði að vikja fyrir lögum, en stefnandi hafi fyrst haldið þessu fram við munnlegan málflutning.

IV.

Mál þetta var þingfest 25. janúar 1979, og skiluðu stefndu greinargerð 15. febrúar s.á. Valgarður Kristjánsson borgardómari fékk málið síðan til meðferðar. Þann 14. mars 1980 var kveðinn upp úrskurður um vitnaskyldu, og var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar. Dómur var kveðinn upp í Hæstarétti 16. júlí s.á., þar sem hinn kærði úrskurður var staðfestur. Undirritaður dómari fékk málið síðan til meðferðar 1. nóvember 1980. Þann 7. september sl., fór fram munnlegur málflutningur, en málið var síðan endurupptekið og flutt á ný 13. október sl., þar sem rétt þótti að færa til bókar nýja málsástæðu, sem lögmaður stefnanda hafði viðhaft við fyrri flutning, án þess að vakin væri á því sérstök athygli eða óskað bókunar um hana þá.

V.

Í máli þessu er deilt um það, hvort stefnandi hefði stundað leigubílaakstur lögum samkvæmt, þegar hann var sviptur atvinnuleyfi sínu.

Fallast má á það með úthlutunarmönnum, að þeir gátu hvenær sem til efni gafst til kallað stefnanda til sín og beðið hann um að færa sönnur að því, að hann stundaði leigubílaakstur lögum samkvæmt. Ósannað er, að stefnanda hafi verið gert skylt að leggja fram skattframtöl, heldur bera skjöl málsins með sér, að honum hafi verið gefinn kostur á að leggja þessi gögn fram máli sínu til stuðnings, enda hafði stefnandi ekki lagt fram önnur gögn, sem sönnuðu mál hans.

Ekki verður fallist á, að málsástæða stefnda, sem bókuð var við munnlegan málflutning, sé of seint fram komin, þar sem upplýst er, að stefnanda var ekki kunnugt um atriði þau, sem fram koma á dskj. nr. 23 og varða þessa málsástæðu, fyrr en skjalið var lagt fram í réttinum 13. nóvember 1979. Þykir því rétt, að þessi málsástæða stefnanda komi til álita við úrlausn þessa máls. Tulkun stefnanda á reglugerðarákvæðum skoðast ekki sem ný málsástæða. Samkvæmt dskj. nr. 23 kemur fram, að stefnanda var ekki veittur sá frestur, sem hann átti rétt á skv. ákvæði í 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 214/1972 til þess að koma málum sínum í horf gagnvart úthlutunarnefnd auk þess sem tikynningarskyldu skv. áður nefndri reglugerð var ekki framfylgt. Þá er athugavert, að sami maður skyldi fjalla um mál stefnanda á áfrýjunarstigi. Atriði þessi leiða þó ekki til áfellisdoms að kröfum stefnanda, þar sem þau sanna ekkert um það, að stefnandi hafi stundað leigubílaakstur á umræddum tíma.

Stefnandi hefur hér fyrir dóminum m.a. lagt fram eftirfarandi gögn til stuðnings fullyrðingu sinni um, að hann hafi stundað leigubílaakstur sem aukastarf á áðurgreindum tíma: Yfirlýsingar stefnanda vegna tolleftirgjafar af leigubifreiðum, dags. 16. maí 1974 og 12. september s.á., ljósrit, sem sýnir greiðslu félagsgjalda stefnanda til Bifreiðastjórafélagsins Frami til ársins 1974, ljósrit af félagsskírteinum stefnanda í Vörubílastjórafélagið Þrótt og Bifreiðastjórafélagið Hreyfil, ljósrit af tryggingaskírteinum vegna leigubifreiðar, dags. 11. júlí 1974, ljósrit af aðflutningsskýrslum vegna bifreiða og vottorð frá Borgarbílastöðinni h.f., dags. 14. janúar 1981, svohljóðandi: „Bjarni Guðmundsson var hér á Borgarbílastöðinni þar til atvinnuleyfi hans var innkallað í maí 1974. Og var hann þá skuldlaus við B.B.S.“ Þegar framangreind skjöl eru skoðuð, þykir mega fallast á það með stefndu, að ekkert þeirra sanni, að stefnandi hafi stundað leigubílaakstur á umdeildum tíma. Yfirlýsingar stefnanda sjálfs og skjöl, byggð á yfirlýsingum hans, hafa þannig ekki sönnunargildi. Þá kemur ekki fram í vottorði Borgarbílastöðvarinnar h.f., hvort stefnandi stundaði leigubílaakstur frá stöðinni á þeim tíma, sem þar greinir, og greiðsla félagsgjalda sannar ekki, að félagsmaður hafi stundað leigubílaakstur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt nægilega fram á, að hann hafi stundað leigubílaakstur, hvorki sem aðal-

né aukastarf, á umræddum tíma, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Við munnlegan málflutning þann 7. september sl., viðhafði lögmaður stefnanda þau ummæli, að úthlutunarmenn hefðu „villt um fyrir stefnanda.“ Lögmaður stefndu krafðist þess, að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk, en hann var einn af úthlutunarmönnum, sem ummæli þessi voru höfð um, og taldi hann þau ærumeiðandi. Lögmaður stefnanda mótmælti því, að ummælin væru ærumeiðandi, og kvað þau eiga fullan rétt á sér. Úthlutunarmenn hefu villt um fyrir stefnanda, m.a. með því að fullyrða við hann, að leigubílaakstur hans hefði átt að vera aðalstarf, sem sé rangt skv. 1. gr. laga nr. 25/1955, svo og með ummælum Ármanns Magnússonar fyrir dómi, þar sem hann hélt því fram, að heimild úthlutunarmanna til að krefjast skattframtala sé að finna í reglugerð. Þetta sé rangt. Þá sé fullyrðing úthlutunarmanna röng um, að réttindi stefnanda til leigubifreiðaksturs fari ekki saman við starf hans sem vörubílstjóra, sbr. dskj. nr. 11. Allt þetta sé fallið til að villa um fyrir stefnanda og eigi ummælin því rétt á sér.

Framangreind krafa var ítrekuð við endurflutning málsins.

Ekki þykja næg efni til að ómerkja framangreind ummæli.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, úthlutunarmenn atvinnuleyfa leigubifreiðastjóra í Reykjavík og samgönguráðherra í nafni samgönguráðuneytisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bjarna J. Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.